



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvali
150 REYKJAVÍK

12020066
2.2.R
11.05.2012

A.B.L.
1140

Reykjavík, 9. maí 2012

Tilvísun: 2012030420

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur í bréfi dags. 23. mars 2012 fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð. HER hefur farið yfir þingsályktunartillöguna ásamt greinargerð.

Að mati HER er mjög mikilvægt í stefnmótun um lagningu raflína í jörð að verndun vatns og vatnsgæða sé gert hátt undir höfði. Í dag er stórluti vatna á Íslandi í góðu ástandi og er t.d. meginmarkmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþernd vatnsauðlindarinnar. Yfirborðsvatn og grunnvatn eru í eðli sínu endurnýjanlegar auðlindir en ef tryggja á gott ástand vatns verður að grípa snemma inn í og skipuleggja vandaða áætlun um verndaraðgerðir til langs tíma, einkum vegna þess hve myndun þess og endurnýjun er hæg frá náttúrunnar hendi.

HER vill einnig benda á að strax í upphafi stefnumótunarvinnu um lagningu raflína í jörðu er mikilvægt að gæta samræmis við aðrar stefnur sem verið er að vinna að og tengjast þessu td. Orkustefnu Íslands, Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða o.s.frv.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kristín L. Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Umhverfis- og samgöngusvið hefur
vottað umhverfisstjórnunarkerfi í
samræmi við staðalinn ISO 14001

Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Fax 411 8505
www.umhverfissvid.is